b. Árlegur frádráttarbær viðhaldskostnaður íbúðarhúsnæðis skal, í stað raunverulegs viðhaldskostnaðar, vera fastur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steini	1.5%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	2.0%

Til íbúðarhúsnæðis skv. a- og b-liðum teljast bílskúrar, sem byggðir eru skv. byggingarleyfi eða í tengslum við íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðs og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 og áorðnum breytingum skv. ákvæðum 3. og 9. tl. 7. gr. laga nr. 7 23 marz 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1972. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 25. gr., 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. marz 1966 um breyting á þeirri reglugerð. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð nr. 228 30. desember 1971 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar og reglugerð nr. 7 3. febrúar 1972 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 356. 30. desember 1972.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld, kr. á viku
1.	11
2.	15
3.	28
4.	28
5.	43
6.	69
7.	100
8.	143
9.	193
10.	231

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi „2 750 krónur“ í stað „2 400 krónur“.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 15.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 143.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 143.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 2 100.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 193.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 231.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri kr. 231.00 (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 21.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 570.00
— rafstöðvar	— 290.00
— súgþurrkunartækis	— 290.00
— heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 290.00
— bifhjóls	— 930.00
— reiðhjóls með hjálparvél	— 930.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1973. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 257 30. desember 1971 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40 gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60/1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.